

BRÚUM BILIÐ

RIT UM TENGLI LEIKSKÓLA
OG GRUNNSKÓLA

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
MAÍ 1997

Brúum bilið

Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla

ISBN 9979-847-27-1

Menntamálaráðuneytið

Reykjavík maí 1997

Umbrot: Edda Harðardóttir

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	6
1. Samstarf	7
1.1 Markmið	7
1.2 Rökstuðningur	7
1.3 Leiðir	8
2. Ákvæði í lögum og námskrám	11
2.1 Ákvæði í leikskólalögum og grunnskólalögum	11
2.2 Samstarf samkvæmt námskrám	11
2.3 Markmið leikskólastarfs og byrjendakennslu grunnskóla	12
3. Tímamót	13
3.1 Þroski fimm til sjö ára barna	13
3.2 Leikur sem námsleið barna	15
4. Verkefni	18
4.1 Samstarfsverkefni 1	18
4.2 Samstarfsverkefni 2	26
Heimildaskrá	30
Skrá yfir ítarefni	30

Formáli

Árið 1993 var sett á laggirnar norrænt samstarfsverkefni á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um skólabyrjun, „Skolestart í Norden“, með áherslu á tengsl leikskóla og grunnskóla. Verkefninu lauk í lok árs 1996.

Markmið verkefnisins var að koma á samstarfi þeirra menntastofnana í hverju landi sem sjá um menntun leikskóla- og grunnskólakennara og mynda tengsl milli þeirra með upplýsingum og öðrum samskiptum. Skipaður var norrænn samstarfshópur með einum fulltrúa frá hverju landi.

Ákveðið var að norræna verkefnið byggði á þróunarverkefni/verkefnum í hverju landi og að myndaður yrði starfshópur til að standa fyrir þeim. Þróunarverkefnið yrðu kostuð af viðkomandi landi.

Þátttakendur í íslenska starfshópnum voru Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Þóra Kristinsdóttir frá Kennaraháskóla Íslands, Elín Jóna Þórsdóttir frá Fósturskóla Íslands, Hlín Helga Pálsdóttir frá Æfingaskólanum, Svandís Skúladóttir og Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi í norræna samstarfshópnum, frá menntamálaráðuneytinu. Auk starfshópsins tóku nokkrir leikskóla- og grunnskólakennarar þátt í starfinu.

Íslenska þróunarverkefnið beindist að því að finna leiðir til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla, bæði hvað varðar inntak náms og starfshætti og efla samstarfið milli Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Starfið leiddi m.a. til samstarfs milli endurmenntunar F.Í. og K.H.Í. um sameiginleg námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara þar sem fjallað var um mikilvægi þess að brúa bilið milli þessara skólastiga. Í kjölfar námskeiðanna var á nokkrum stöðum komið á formlegu samstarfi milli leikskólakennara, grunnskólakennara og foreldra.

Ritið „Brúum bilið“ er m.a. afrakstur þessa starfs og er tilgangur með útgáfu þess að stuðla að auknu samstarfi og tengslum milli leik- og grunnskóla.

Margrét Ásgeirsdóttir, kennari í Melaskóla, sem bæði er leik- og grunnskólakennari, var ráðin sem ritstjóri og leik- og grunnskólakennarar voru fengnir til að lýsa samstarfsverkefnum sem þeir hafa unnið í sínum skólum.

Inngangur

Eftirvænting og kvíði einkenna oft svip barna fyrstu dagana í grunnskóla. Væntingar þeirra til grunnskóla eru miklar. Þau ætla að læra að lesa, skrifa og reikna sem fyrst. Kannski eiga einhver barnanna eftir að verða fyrir vonbrigðum. Hugmyndir þeirra um skólann eru óljósar; þær snúast aðallega um skólatösku, bækur, pennaveski og stórt hús. Kennarar á leik- og grunnskólastigi geta hjálpað börnum að aðlagast breytingunum með samstarfi milli þessara tveggja skólastiga.

Ritið *Brúum bilið* fjallar um samstarf leik- og grunnskóla. Tilgangur ritsins er að varpa ljósi á lagaákvæði og ákvæði í námskrám um samstarf. Jafnframt eru tillögur að brú milli skólastiganna þar sem börn fá innsýn inn í heim grunnskólans á meðan þau eru í leikskóla og grunnskólabörn fá að halda tengslum við leikskóla.

Í fyrsta kafla eru markmið og rök fyrir samstarfi ásamt tillögum að leiðum. Þar kemur fram að 83% fimm ára barna á Íslandi eru í leikskóla. Mikilvægt er að flutningur þeirra yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt, tengsl milli náms í leik- og grunnskóla og kennsla í grunnskóla þarf að taka tillit til reynslu barna í leikskóla.

Í öðrum kafla eru borin saman ákvæði í lögum og námskrám leik- og grunnskóla. Leikskóli er fyrsta skólastigið og menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu þess með útgáfu uppeldisáætlunar. Börn verða skólaskyld sex ára og þá hefst tíu ára grunnskólanám. Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámskrá þar sem kveðið er á um uppeldishlutverk hans og stefnu í kennslu og kennsluskipan. Markmið laga um leik- og grunnskóla byggja á sameiginlegum grunni. Lög og námskrár kveða á um samstarf milli leik- og grunnskóla.

Þriðji kafli fjallar um alhliða þroska barna og mikilvægi leiks í námi þeirra á mótum leik- og grunnskóla.

Í fjórða kafla er lýsing á tveimur samstarfsverkefnum sem unnin voru af leik- og grunnskólakennurum á Akranesi og í Reykjavík. Verkefnin sýna leiðir sem hægt er að velja í samstarfi milli skólastiga.

Í lok ritsins er skrá yfir ítarefni sem fjallar meðal annars um kennslu barna og námsþætti í leikskóla og í yngri bekkjum grunnskóla. Listinn er ekki tæmandi en áhersla er lögð á lesefni á íslensku.

1. Samstarf

1.1 Markmið

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að:

- stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- byggja kennslu á fyrri reynslu barnanna
- samfella skapist í námi barna

1.2 Rökstuðningur

Við upphaf grunnskólanáms hafa 83% barna notið leikskólavistar um lengri eða skemmri tíma.¹ Börn þroskast ört á þeim árum sem þau eru í leikskóla. Þau eignast vini og tengjast fullorðnu fólki sem veitir þeim handleiðslu. Smám saman eykst tilfinningalegt öryggi og sjálfstæði. Þegar börn ljúka námi í leikskóla eru þau í hópi elstu barnanna. Þau er dugleg og sjálfbjarga samanborið við yngri börnin.

Fyrstu dagana í grunnskóla þurfa börn að takast á við flókna tilfinningalega þætti. Þau kynnast nýjum kennurum, starfsmönnum, börnum og skólahúsnæði. Jafnframt eru þau yngstu nemendur skólans. Kröfur til barnanna breytast. Í stórri bekkjardeild getur grunnskólakennari ekki sinnt þörfum einstaklings á sama hátt og leikskólakennari á leikskóladeild þar sem þrír fullorðnir sjá um 21 til 24 börn (eftir aldurssamsetningu hópsins).² Þess vegna getur aðlögun tekið langan tíma. Með samstarfi leik- og grunnskóla er reynt að mýkja umskiptin þannig að börnunum líði vel.

Börn læra af eigin reynslu með aðstoð fullorðinna. Í leikskóla og á fyrstu árum grunnskóla er lögð áhersla á að styrkja sjálfmynd barnanna. Viðfangsefni tengjast móðurmáli, stærðfræði, myndlist, tónlist, hreyfingu, náttúru og nánasta umhverfi þeirra. Börnin læra í gegnum leik, upplifun, samskipti og daglegar venjur. Kennsluáferðir eiga að taka mið af aldri og þroska barnanna.

Í starfi sínu leggur leikskólakennari meðal annars áherslu á leik- og sköpunarþörf 5 ára barna. Jafnframt þarf hann að veita þeim undirstöðuþekkingu og færni fyrir nám í grunnskóla. Kennslugögn í

1 Fjöldi fimm ára barna í leikskóla. 1996.

2 Reglugerð um starfsemi leikskóla 1995, 6. gr.

leikskóla eru umhverfið (jafnt innan dyra sem utan), bækur, sögur og ljóð, leiktæki og annar efniviður og áhöld til skapandi leiks og starfs. Grunnskólakennari þarf að nota svipaðar kennsluaðferðir um leið og hann bætir við skyldunámsgreinum skólans eftir þroska hvers og eins. Þannig er stuðlað að samfellu milli skólastiga sem og innan þeirra. Slíkt byggist á samstarfi milli leikskóla, grunnskóla og heimila.

1.3 Leiðir

Nauðsynlegt er að leikskólar og grunnskólar marki stefnu um tengsl milli skólastiga. Eðlileg leið er að leik- og grunnskólayfirvöld í hverju sveitarfélagi eigi frumkvæði að samstarfi og komi óskum til skólastjóra beggja skólastiga. Þeir bera ábyrgð á gerð skólanámskrár og starfsáætlunar í samráði við kennara. Þar er vettvangur fyrir skipulag samstarfs, markmiðssetningu og leiðir. Leik- og grunnskólakennarar sjá um framkvæmd.

Uppbygging samstarfs fer eftir stærð og aðstæðum í hverju sveitarfélagi. Í stórum bæjarfélögum getur verið vandasamt að skipuleggja samstarf vegna þess að börn, sem eru saman í leikskóla, sækja fleiri en einn grunnskóla. Þar þurfa yfirvöld skólastiganna að byrja á að kanna tengsl milli skóla. Þegar ljóst er í hvaða grunnskóla meginstraumur barna úr hverjum leikskóla liggur er hægt að búa til tengslamynstur. Ef til vill reynist nauðsynlegt að hafa samstarf milli leik- og grunnskólakennara innan bæjar- eða borgarhverfis um ýmis samræmingaratriði.

Samstarf milli skólastiga þarf að vera liður í undirbúningi vetrarstarfs skólanna. Hægt er að hefja samstarfið í ágúst með því að leik- og grunnskólayfirvöld í sveitarfélagi boði til starfsdags með skólastjórum og öllum kennurum fimm og sex ára barna í sveitarfélaginu eða hverfinu. Þar væri tengslamynstur kynnt og fyrirkomulag samstarfs rætt. Myndaðir væru hópar tengiliða frá hverjum skóla. Hlutverk þeirra er að skipuleggja tengslin, til dæmis hvaða leikskóli tengist bekkjardeild, samræma starfsaðferðir, taka saman ljóðalista og fleira sem mikilvægt þykir. Nauðsynlegt er að undirbúningur fyrir grunnskólanám sé að einhverju leyti samræmdur þannig að hægt sé að byggja kennslu sex ára barna á fyrri reynslu þeirra í leikskóla.

Leik- og grunnskólakennarar samstarfsskóla þurfa að vinna vel saman. Þeir læra hverjir af öðrum því báðar stéttir búa yfir sérþekkingu sem nýtist hinni. Æskilegt er að kennararnir hittist nokkrum sinnum yfir veturinn til þess að skipuleggja og meta samstarfið, ræða starfsaðferðir eins og samskiptareglur innan barnahópsins, agastjórnun, kennsluáðferðir, námsefni og önnur mikilvæg atriði.

Leikskólabörn þurfa fyrst og fremst að kynnast grunnskólanum sem stofnun. Þau þurfa að fá tækifæri til að skoða skólahúsnæði, til dæmis skólastofu, skólasafn, tölvuver, smíðastofu og skrifstofu og skilja hugtök sem tilheyra skólanum. Börnin þurfa að finna fyrir öryggi innan stofnunarinnar óháð því hvort þau eigi eftir að verða þar nemendur.

Grunnskólabörn sakna oft þeirra tengsla sem mynduð voru í leikskóla. Þeim finnst spennandi að heimsækja fornar slóðir, leika sér með gamalkunn leikföng, hitta börn og starfsfólk. Mikilvægt er fyrir sjálfsmynd þeirra að fá tækifæri til þess að upplifa þessar tilfinningar og sýna aukinn vöxt og þroska.

Börn hafa jafnmikla þörf fyrir að leika sér þegar skólaskyldualdri er náð eins og áður. Huga ber að umhverfi grunnskólans, jafnt utandyra sem innan. Lengd frímínútna á að taka mið af því að sex ára börn eru lengi að klæða sig og þurfa nægan tíma fyrir leik. Hægt er að hafa frímínútur yngri barna á öðrum tíma en þeirra eldri eða hleypa þeim fyrir út úr skólastofu. Að klæða sig og leika sér úti hefur ekki síður námsgildi en það sem gert er inni í skólastofu. Grunnskólakennarar þurfa þess vegna að kynna sér starfshætti leikskóla til þess að geta byggt á þeim grunni sem fyrir er.

Litli bróðir

Stundum

*þegar ég geri
eitthvað flott
þá skemmir hann.*



Stundum

*gerir hann
það sem ekki má.*

Stundum

leikum við saman.


*Þá er hann
góður við mig
og klappar mér*

Bjarki 5,4 ára

*Stelpan labbaði,
sá lítinn kettling
og gaf honum mjólk.
Þau léku sér
saman*

*Hún sá strák
vininn sinn.
Þau léku sér
með kettlinginn.*

Tara, 5,3 ára



2. Ákvæði í lögum og námskrám

2.1 Ákvæði í leikskólalögum og grunnskólalögum

Leikskóli er fyrsta skólastigið í skólakerfinu.¹ Í samræmi við lög og að ósk foreldra annast hann uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu leikskólakennara. Uppeldisstefna leikskóla er mótuð af menntamálaráðuneytinu með útgáfu uppeldisáætlunar fyrir leikskóla.

Grunnskóli er tíu ára skóli sem sér um menntun barna á aldrinum sex til sextán ára.² Öllum börnum og unglingum á þeim aldri er skylt að sækja skóla en frá því má þó veita undanþágu. Menntamálaráðherra setur grunnskólum aðalnámskrá þar sem meðal annars er kveðið á um uppeldishlutverk grunnskólans og meginstefnu í kennslu og kennsluskipan í samræmi við hlutverk grunnskóla.³

Markmið laga um leik- og grunnskóla byggjast á lífsgildum sem eru samofin íslenskri menningu. Meginmarkmið beggja skólastiga eru meðal annars að leggja rækt við umburðarlyndi, kristilegt siðgæði, víðsýni og lýðræði.⁴ Leggja ber grundvöll að sjálfstæðri hugsun barna og gera þau að ábyrgum þátttakendum í þjóðfélaginu. Skólinn á jafnframt, í samvinnu við heimilin, að efla alhliða þroska barna og haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.

Samkvæmt 10. grein laga um leikskóla (1994) skal sveitarstjórn eða skólaskrifstofa stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla og vera samstarfsvettvangur þeirra í viðkomandi sveitarfélagi. Í 12. grein laga um grunnskóla (1995) er ákvæði um að skólanefnd eigi að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

2.2 Samstarf samkvæmt námskrám

Í *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla – markmið og leiðir* (1993) kemur fram að

¹ Lög um leikskóla 1994, 1. gr.

² Lög um grunnskóla 1995, 1. gr.

³ Lög um grunnskóla 1995, 29. gr.

⁴ Lög um leikskóla 1994, 2. gr. og lög um grunnskóla 1995, 2. gr.

eðlilegt samhengi þurfi að vera í uppeldi og menntun barna (bls. 26). Þess vegna þurfa markmið leik- og grunnskóla að byggja á sömu grundvallaratriðum svo samfella skapist í uppeldi barnanna.

Í *Aðalnámsskrá grunnskóla* (1989) er talið mikilvægt að kennarar barna sem eru að byrja í grunnskóla kynni sér hver þeirra hafi verið í leikskóla og hvernig þar er starfað (bls. 22). Stuðla ber að samfellu í námi barna í leikskóla og á fyrstu árum grunnskóla. Starfsmönnum grunnskóla ber því að kynna sér innra starf leikskóla og hefja samstarf með tilliti til aðstæðna á hverjum stað.

2.3 Markmið leikskóla og byrjendakennslu

í grunnskóla

Markmið leikskólustarfs er:

- að búa börnum örugg leikskilyrði og hollt uppeldisumhverfi,
- að gefa börnum kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldis-kosta barnahópsins undir leiðsögn leik-skólakennara,
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo að þau fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna,
- að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálf-stæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátt-takendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellndri þróun,
- að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfs-mynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt. (Uppeldis-áætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir 1993:29).

Markmið byrjendakennslu

í grunnskóla er að:

- stuðla að velliðan barna í skóla þannig að þau öðlist þá tilfinningu að skólinn sé öruggur samastaður í leik og starfi,
- fræða nemendur og veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér hagkvæm vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til þroska og menntunar,
- efla sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda,
- örva sjálfstæða hugsun nemenda, temja þeim að bera ábyrgð á eigin athöfnum og viðfangsefnum,
- glæða skilning nemenda á eðli og nauðsyn félagslegra reglna, temja þeim að taka tillit til annarra og hjálfa þá í að starfa saman,
- glæða fróðleiksfýsn nemenda, hjálpa þeim að skilja og nota hugtök, örva ímyndun-arafi þeirra, gefa þeim tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt og vinna sjálf-stætt og skapandi,
- örva fegurðarskyn nemenda með því að beina athygli þeirra að fegurð í nánasta umhverfi sínu, í listsköpun og úti í náttúrunni og vekja jafnframt áhuga þeirra á hvers konar umhverfis- og náttúruvernd. (*Aðalnámsskrá grunnskóla* 1989:23–24).

3. Tímamót

3.1 Proski fimm til sjö ára barna

Í markmiðum *Uppeldisáætlunar leikskóla, markmið og leiðir* (1993:29) og *Aðalnámskrá grunnskóla* (1989:13) er lögð áhersla á eflingu alhliða þroska barnanna. Með alhliða þroska er átt við líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vitsmuna- og málþroska, félags- og siðgæðisþroska og fagurþroska.

Líkams- og hreyfiþroski. Leikskólinn á að stuðla að því að börn verði sem mest sjálfbjarga.¹ Þau tileinki sér undirstöðuþekkingu og færni sem gerir þeim kleift að gæta heilsunnar og annast líkama sinn. Leikskólinn á að fullnægja hreyfiþörf barna, efla hreyfiþroska, samhæfingu hreyfinga og stjórn barna á líkama sínum.

Á mótum leikskóla og grunnskóla hefst vaxtasprettur hjá börnum eftir nokkuð jafna þróun í líkamsvexti og líkamsbeitingu.² Hreyfingar verða grófari og óöruggari. Leik- og hreyfiþörf krefst meira rýmis. Fínhreyfingar þroskast samfara þróun taugakerfis þó að mikils einstaklingsmunar gæti meðal annars vegna mismikillar þjálfunar. Grunnskólinn þarf að taka tillit til þess að börn hafa misgott vald á hreyfingum til dæmis í skrift, mynd- og handmennt og íþróttum.

Tilfinningaþroski. Uppeldisumhverfi barna hefur áhrif á tilfinningaþroska þeirra.³ Börn þurfa að læra að hafa stjórn á tilfinningum sínum í samskiptum, sýna vináttu og bera virðingu fyrir öðrum. Þau þurfa jafnframt að fá tækifæri til að tjá eðlilegar tilfinningar í gleði og sorg. Leik- og grunnskólar eiga að stuðla að öryggiskennd barnanna, efla sjálfskennd, sjálfstraust og virkja tjáningarþörf þeirra til þess að þau öðlist jákvæða sjálfsmynd.

Vitsmuna- og málþroski. Í leikskólum á að búa börnum lærdómsrík og örvandi uppeldis- og leikskilyrði sem vekja rannsóknar- og fróðleiksfýsn.⁴ Börn afla sér þekkingar með þátttöku í leik og starfi. Jafnframt eiga þau að fá leiðsögn þar sem örvuð er athyglisgáfa, hugsun, minni, málþroski, sköpunarhæfni og hæfni til einbeit-

¹ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:29.

² *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:22-23.

³ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:30 og *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:23.

⁴ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:30.

ingar. Auka þarf orðaforða og hugtakaskilning með því að lesa fyrir börnin, hlusta á þau og svara spurningum þeirra eða láta þau sjálf finna svörin.

Við upphaf grunnskólanáms er hugsun barna yfirleitt hlutbundin og þau láta oft stjórnast af skynjun fremur en rökhugsun.¹ Æskilegt er að vitsmunaproski sé meðal annars örvaður með leik þar eð hann er helsta athafnaform barna á þessu aldursstigi.

Náin tengsl eru milli máls og hugsunar.² Málið hefur meðal annars áhrif á nám barna og er mikilvægur þáttur í lestrarnámi. Máluppeldi þarf að sinna eins vel og kostur er. Þegar börn byrja í grunnskóla ráða þau yfir nokkuð traustu málkerfi. Þau gera fáar „villur“ og tjá sig yfirleitt auðveldlega í samtölum. Halda þarf áfram að örva málþroska, bæta málnotkun og auka málskilning. Á fyrstu skólaárunum er lagður hornsteinn að námi barna í móðurmáli.

Félags- og siðgæðisþroski. Í leikskóla er mikilvægt að stuðla að traustum og hlýjum samskiptum barna og fullorðinna.³ Börn þurfa meðal annars að læra samvinnu, sýna tillitssemi, umburðarlyndi og að leysa deilur á jákvæðan hátt. Þau þurfa að fá tækifæri í frjálsum leik til þess að tileinka sér góð samskipti og að njóta sín sem einstaklingar án tillits til kynferðis.

Börn þurfa að þroska með sér mannkærleika og virðingu fyrir rétti og skoðunum annarra.⁴ Þau eiga að læra að taka afleiðingum gerða sinna, og átta sig á að ofbeldi leysir engan vanda í mannlegum samskiptum. Þannig er stuðlað að réttlætiskennd, hjálpsemi og ábyrgðarkennd.

Í upphafi grunnskóla einkennist félags- og siðgæðisþroski barna enn af sjálflægni, þau eiga erfitt með að setja sig í spor annarra, taka tillit til náungans og vinna markvisst með öðrum.⁵ Börn eiga oft erfitt með að fylgja leikreglum í hópleikjum og víkja frá þeim þótt þau telji sig þekkja þær og að þær eigi að halda. Smám saman eykst hæfni þeirra til samvinnu í leik og starfi. Félagssleg samskipti örva börn í að átta sig á og virða sjónarmið annarra og þarf skólinn að taka mið af því í starfi sínu.

¹ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:23.

² *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:23.

³ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:30.

⁴ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:31.

⁵ *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:23.

Fagurþroski. Í leik- og grunnskólum þarf að örva fegurðarskyn barna með því að beina athygli þeirra að fegurð í nánasta umhverfi þeirra, í listsköpun og úti í náttúrunni og vekja áhuga þeirra á hvers konar umhverfis- og náttúruvernd.¹ Börn eiga að fá fjölbreytt tækifæri til þess að tjá reynslu sína í skapandi starfi og leik. Þannig er eðlilegri sköpunarhæfni og sköpunargleði barna sýnd virðing.

Þroski og nám fylgjast að og hver þroskaþáttur er öðrum háður. Undirstaða vitsmunarþroska er skynjun barna, samskipti og athafnir. Málþroski, félags- og siðgæðisþroski er háður vitsmunarþroska. Í leik- og grunnskóla ber að rækta alla þroskaþætti svo barnið nái að blómstra.

3.2 Leikur sem námsleið barna

Þegar börn hefja nám í grunnskóla búa flest þeirra yfir þekkingu og færni á ýmsum sviðum sem þau hafa aflað sér fyrst og fremst með leik. Þau hafa tekið þátt í frjálsum eða skipulögðum leik þar sem þau kynnast líkama sínum og æfa hann, læra að þekkja umhverfi sitt og heiminn sem þau eru hluti af. Leikurinn er frjáls athöfn sem börnin velja sjálf að taka þátt í. Jafnframt stjórna þau þátttöku sinni í leiknum.

Hvaða þýðingu hefur leikur fyrir börn? Hann er gleðigjafi en um leið spennandi. Löngunin og þörfin til þess að leika sér kemur að innan. Börn leika sér af því að það er skemmtilegt. Í gegnum leikinn rannsaka þau umhverfi sitt úti sem inni, ein sér og í hópi vina eða félaga. Í frjálsum leik finna börnin fyrir frelsi og þau fá tækifæri til að prófa sig áfram. Þau læra að þekkja hvers þau eru megnug og að nota eigið hugmyndaflug til að öðlast skilning á ýmsum fyrirbærum raunveruleikans. Hópur barna getur verið að vinna með sömu hugmynd en hún birtist á mismunandi hátt eftir þroskastigi þeirra, óháð aldri.

Leikur er hluti af barnamenningu og endurspeglar lífsskilyrði barna og þjóðfélagsins í heild. Börn úr mismunandi menningarumhverfi leika sér á ólíkan hátt. Þau nota það umhverfi sem þau eru sprottin úr. Leikur er aðferð barna til að auka skilning sinn, ná valdi á viðfangsefnum, auka færni sína og læra meira.

¹ *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla* 1993:30 og *Aðalnámskrá grunnskóla* 1989:23.

Við upphaf grunnskóla eru börn upptekin af félögum sínum og flest þeirra eru nokkuð fær í samskiptum. Félagarnir skipta meira máli en áður og þeir eru teknir fram yfir leikefnið. Hreyfileikir eru mikilvægir á þessum aldri, tilrauna- og regluleikir eru einnig ríkjandi og börnin þar af leiðandi upptekin af þessum leikjaflokkum. Þau setja sínar eigin reglur og vilja að þær séu haldnar.

Til þess að leikurinn fái notið sín þarf umhverfið að vera vel skipulagt og ígrundað. Leikumhverfi á að skipuleggja á þann hátt að auðvelt sé að breyta því eftir viðfangsefnum hvort sem er innanhúss eða utandyra. Leikefnið þarf að vera aðgengilegt þannig að börnin geti nálgast það og orðið sjálfbjarga. Það á að reyna á ímyndunaraflíð og sköpunarhæfni. Kennari hvetur börn til leikja með því að sýna leiknum áhuga og virðingu.

Æskileg viðfangsefni fyrir börn á mótum leik- og grunnskóla eru:

- leir, sandur, málning, litkrítar, pappír, garn, tuskur, spýtur, verðlaust efni og verkfæri til skapandi starfa,
- fatnaður af fullorðnum og áhöld til hlutverkaleikja,
- kubbar og leikföng sem eru tákn fyrir bíla, dýr og menn, til sköpunar- og byggingaleikja,
- einföld hljóðfæri og bjöllur til hlustunar og tónlistariðkunar
- röðunar- og flokkunarefni svo sem púslu- og minnisþil, perlur og skeljar,
- ýmis tæki; til dæmis tölvur, hljómflutningstæki, víðsjár, smásjár og vogir,
- móðurmál, stærðfræði og náttúrufræði,
- samvinnuspil til regluleikja,
- útileiktæki eins og klifurgrindur, rennibrautir, vegasölt, rólur til þjálfunar grófhreyfinga,
- sandkassar og verkfæri til sköpunar- og byggingaleikja.¹

Hægt er að skilgreina leiki á ýmsa vegu en algengt er að flokka þá eftir inntaki og uppeldisgildi. Margir leikir eru svo fjölbættir að þeir geta fallið undir fleiri en einn flokk. Í *Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir* (1993) er notuð eftirfarandi flokkun leikja (bls. 52–54):

¹ Uppeldisáætlun fyrir leikskóla 1993:51 og Aðalnámskrá grunnskóla 1989:26.

- skynfæra- og hreyfileikir
- sköpunar- og byggingaleikir
- þykjustu- og hlutverkaleikir
- regluleikir

Skynfæra- og hreyfileikir einkennast af hreyfingu, beitingu vöðva og skynfæra. Hreyfileiki er hægt að stunda jafnt utanhúss sem innan. Þeir auka andlega og líkamlega vellíðan barna sem er undirstaða náms.

Sköpunar- og byggingaleikir örva löngun og viðleitni til þess að nota ýmiss konar efnivið, tengja saman ólík efni og móta úr þeim. Barnið þroskar sköpunarhæfni og sköpunargleði sem er forsenda nýsköpunar.

Þykjustu- og hlutverkaleikir felast í því að börn ímynda sér að hlutir eða þau sjálf séu annað en þau eru í raun og veru. Þau líkja eftir fyrirmyndum, setja sig í spor þeirra og samsama sig þeim. Sjálf-sprottinn leikur endurspeglar reynslu barna, menningu og það samfélag sem þau búa í. Börn tjá tilfinningar sínar í leik og fá oft útrás fyrir reiði, afbrýðisemi, hræðslu og blíðu.

Hlutverkaleikir örva málþroska barna þar sem þau tala og skipuleggja leikinn hvort sem um einleik eða samleik er að ræða. Samleikur reynir á félagsþroska þegar börn þurfa að koma sér saman um hlutverkaskipti og þróa leik í sameiningu.

Undir regluleiki flokkast hreyfileikir; hringleikir, eltingaleikir og boltaleikir; og alls konar spilaleikir. Ung börn þurfa oft handleiðslu fullorðinna í regluleikjum. Ennfremur eru margir þeirra hluti af menningararfinum sem flyst frá einni kynslóð til annarrar. Í regluleikjum eflist félags- og siðgæðisþroski.

Mikilvægt er að nota leik sem kennsluáðferð jafnt í leikskóla og grunnskóla. Á mótum leik- og grunnskóla eru leikir sem tengjast máli og stærðfræði oft árangursríkari aðferð við móðurmáls- og stærðfræðikennslu en útfylling verkefnahefta. Allar leikgerðir eru jafnmikilvægar en leikurinn þróast eftir aldri og þroska barnanna. Góður kennari nýtir sér þá leikgerð sem hentar þroskastigi nemenda og þeim markmiðum sem hann vinnur að.

4. Verkefni

Samstarf leik- og grunnskóla er áhugavert og þarft viðfangsefni fyrir leik- og grunnskólakennara. Hér fer á eftir lýsing á tveimur ólíkum verkefnum. Hægt er að nýta þau og aðlaga aðstæðum á hverjum stað. Þau geta einnig vakið nýjar hugmyndir hjá kennurum.

Samstarfsverkefni 1 var unnið á Akranesi skólaárin 1994–1995 og 1995–1996 af starfsfólki í leikskólanum Garðaseli og kennurum í fyrsta bekk Grundaskóla. Samantektin er unnin af Ástu Egilsdóttur, leik- og grunnskólakennara, og Brynju Helgadóttur, leikskólakennara.

Samstarfsverkefni 2 var unnið í Reykjavík skólaárið 1995–1996 í Staðarborg og Breiðagerðiskóla af Ástu Júlíu Hreinsdóttur, leikskólakennara, og Sigríði Knútsdóttur, leik- og grunnskólakennara.

4.1 Samstarfsverkefni 1

Grunnur var lagður að samstarfi leikskólans Garðasels og Grundaskóla á Akranesi vorið 1994 og í framhaldi af því sóttu þær Guðlaug Sverrisdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Garðaseli, og Ásta Egilsdóttir, kennari í Grundaskóla, endurmenntunarnámskeiðið *Brúum bilið* sem Fósturskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands stóðu fyrir sumarið 1994.

Formlegt samstarf hófst um haustið með fundi samstarfsaðila þar sem Guðlaug og Ásta lögðu fram markmið með samstarfinu og



*Leikskólabörn
í heimsókn
í Grundaskóla.*



Börn í Garðaseli í heimsókn í Grundaskóla að kynna verkefnið sitt.

áætlun um hvernig mætti ná þeim. Upplýsingamiðlun milli skólastiganna var mikið rædd og áhersla lögð á nauðsyn þess að grunnskólakennarar kynntu sér starfsemi leikskólans og námið sem þar færi fram. Einkum þótti mikilvægt að fá upplýsingar um áhersluþætti leikskólans í tengslum við daglegar venjur, um þemaverkefni leikskólans og starf sem unnið er með elstu börnunum. Einnig var rætt um hvaða upplýsingar ættu að fylgja hverju barni á milli skólastiga, hvernig ætti að miðla þeim (skriflega/munnlega) og hver væri þáttur foreldra í upplýsingastreyminu. Ekki fannst endanleg lausn á þessum málum en aðilar voru sammála um mikilvægi þeirra og að upplýsingar um börnin færu eftir formlegum leiðum ef þær yrðu fastur liður í samstarfinu.

Markmið verkefnis var að:

- koma á samstarfi milli leikskóla og grunnskóla,
- skapa samfellu milli skólastiganna,
- koma til móts við leikþörf barna,
- stuðla að virkri notkun móðurmálsins:
 - gera ritmálið sýnilegt
 - efla hugtakamyndun
 - bjóða börnum upp á lesörvandi umhverfi
- efla skapandi starf.

Leiðir

Áætlunin sem Guðlaug og Ásta settu fram á fundinum fól í sér tvenns konar verkefni. Annað þeirra var sameiginlegt þemaverkefni sem nefnist *Skólinn minn*. Það var talið falla vel að starfsemi beggja skólastiga og gefa góða möguleika á vinnu með ritmálið og önnur móðurmálstengd verkefni.

Hitt verkefnið fól í sér nemendaskipti eða gagnkvæmar heimsóknir milli skóla. Það fór þannig fram að tvisvar í mánuði fóru fjögur börn úr leikskólanum í heimsókn í grunnskólann og á sama tíma fóru jafnmörg börn úr grunnskólanum í leikskólann. Hvert barn fór að meðaltali tvisvar í heimsókn á vetri. Í upphafi voru börnin í 40–60 mínútur en tíminn var síðan lengdur í 80–100 mínútur til þess að leikskólabörnin kynntust bæði nestistíma og frímínútum í grunnskólanum.

Í upphafi var börnum fylgt á milli skóla í heimsóknum en er á leið fóru grunnskólabörnin ein á milli enda skólarnir á sömu lóð.

Leikskólabörnum var alltaf fylgt á milli og dvaldi starfsmaður með þeim í grunnskólanum þegar á þurfti að halda. Óörugg börn komu oftár í heimsókn, þannig var unnið að því að auka sjálfsöryggi þeirra í grunnskólanum.

Að loknu verkefni

Þau tvö skólaár, sem samstarfið stóð, var mest lagt upp úr gagnkvæmum heimsóknum milli skólanna þar sem börnin tóku þátt í daglegu starfi og leik. Áhersla var lögð á að börnin gætu unnið saman í heimsóknartímum og fengið tækifæri til að kynnst innbyrðis.

Nú er hafið samstarf allra leik- og grunnskóla á Akranesi. Skóla-skrifstofa bæjarins kom á samstarfi leikskólastjóra og árgangastjóra í yngri bekkjum grunnskóla. Fyrsta verkefni hópsins var að koma á gagnkvæmum heimsóknum og undirbúa vorskóla þar sem fimm ára börn sækja heimaskóla í eina viku og sex ára börnin dvelja í leikskóla á sama tíma. Í leikskólanum verður unnið með *umhverfismennt* og *vináttu* en í grunnskólanum með þemað *Ég í vorskóla*. Þar verður áhersla lögð á hreyfingu, list- og verkgreinar, lestur og stærðfræði (ekki verður unnið með námsbækur).

SKÓLINN MINN – GRUNDASKÓLI – 1

21

Námsþættir	Viðfangsefni	Námsefni/leikefni/hjálpar efni
<ul style="list-style-type: none"> • Kynning á húsnæði skólans. • Umhverfi. • Hugtök • Orð og mynd. • Bera saman. • Form. • Athygli. • Samvinna. • Myndsköpun. • Fínheyfingar. 	<p>Verkefni: Myndaspjöld / skoðunarferð (n.k. ratleikur) Spjöld með mynd og nafni kennslustofu bekkjarins, sérgreina- stofum, bókasafni, sameiginlegu rými, skrifstofum og kennarastofu sett á áberandi stað á viðkomandi svæði. Börnin fá sambærileg spjöld. Aftan á spjöld barnanna eru teiknuð þrjú til fjögur form rökkubba. Samsvarandi rökkubbar eru settir á viðkomandi svæði. Börnin fara í skoðunarferð um húsið, með mynda- spjöldin. Þau para spjöldin saman og leita að rökkubbunum, taka þá með sér og sýna kennara sem getur þannig fylgst með hvort þau hafi farið á réttan stað. Formin nota þau síðan til að teikna eftir, sbr. verkefni á bls. 22 í <i>Skólabókin mín</i>.</p> <p>Framkvæmd – 1. skref:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Börnunum er skipt í litla hópa (þrjú til fjögur í hóp). Hver hópur fær eitt myndaspjald, leitar að viðkomandi svæði, tekur rökkubbana, sýnir kennara þá, geymir þá síðan á ákveðnum stað, fær nýtt spjald og leitar að því svæði. Hver hópur fer tvær til þrjár ferðir (fer eftir fjölda myndaspjalda). 2. Að leit lokinni býr hver hópur til mynd , t.d. klippimynd, og notar rökkubbana við myndbygginguna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Myndavél, filma. Ljósmyndir af skólahúsnæðinu, útbúin. Letur aðgerðir byrjendur í lestri. • Rökkubbar, litlir plastplömb, írslímband (rökkubbar, plastpokana og þeirri myndandi stað). • <i>Skólabókin mín</i>. • Mislitur þykkur papír, blýantar.

SKÓLINN MINN – GRUNDASKÓLI – 2

Námsþættir	Viðfangsefni	Námsefni/leikefni
<ul style="list-style-type: none"> • Upprifjun. • Orðaforði. • Lestur. • Framsögn. • Fínhyfingar. • Myndsköpun. • Ritun. • Hugtök. 	<p>Verkefni: Næsta skref er að ræða um það sem börnin sáu á svæðunum sem þau skoðuðu. Ef athyglin hefur einskorðast við leitina að rökkubbum og börnin ekki tekið eftir svæðinu er hægt að fara aftur og skoða betur (e.t.v. „skrá“ það sem þau sjá). Kennari er með spjöldin tilbúin og stýrir umræðum með þeim. Umræðurnar geta tekið nokkurn tíma og því er ráðlegt að dreifa þeim á tvö til þrjú skipti. Í umræðum leggur kennari áherslu á nöfn svæðanna og les orðin á myndaspjöldunum með börnunum. Í framhaldi af því er svo unnið nánar með að tengja saman mynd og orð.</p> <p>Framkvæmd - 2. skref:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Kennari dregur myndaspjald og hópurinn sem fór á viðkomandi svæði segir frá. 2. Börnin teikna myndir af hlutum sem þau sáu á svæðunum, klippa þá út og líma á veggspjald. Þau búa til veggspjald fyrir hvert svæði. 3. Heiti hvers hlutar er skráð á miða sem limdur er hjá myndinni af honum. 4. Hópkennsla. Unnið er með samanburðarhugtök: FLESTIR - FÆSTIR, FLEIRI EN - FÆRRI EN - JAFNMARGIR. Kennari velur sex mismörg orð (þar af tvö með jafnmörgum stöfum) af veggspjöldunum og skráir þau á pappírrenninga. Síðan hefst samanburðurinn: Hvaða orð hefur flesta / fæsta stafi? Hafa einhver orð jafnmarga stafi? Hvaða orð hefur næst flesta / fæsta stafi? Eru fleiri stafir í þessu orði heldur en hinu? Eru færri? 	<ul style="list-style-type: none"> • Myndaspjöld. • Teiknipappír, þykkur pappír. • Límmiðar, tús breiðum oddi. • Pappírrenning með breiðum

SKÓLINN MINN – GRUNDASKÓLI – 3

Námsþættir	Viðfangsefni	Námsefni/leikefni/hjálpar efni
<ul style="list-style-type: none"> • Flokka. • Telja. • Bera saman. • Samvinna. 	<p>Verkefni: Orð eru flokkuð eftir lengd (fjölda stafa). Stórar pappírsarkir eru festar á vegg og efst á hverja þeirra er skráður tölustafur og jafnmörg prik eða punktar sem gefa fjöldann til kynna. Kennari velur síðan orð af veggspjöldunum (sjá 2. skref), skráir þau á pappírsrenninga og kemur tveimur börnum af stað í flokkuninni. Þau börn kenna síðan næstu tveimur og þannig koll af kalli þar til allir hafa farið í gegnum verkefnið.</p> <p>Framkvæmd – 3. skref:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hópkennsla. Kennari sýnir börnunum nokkur mislöng orð, telur stafina með þeim og parar við rétt tölutákn. 2. Kennari dreifir orðspjöldum til barnanna og þau æfa sig að telja. Á meðan velur hann tvö börn úr hópnum og kennir þeim á flokkunina sem lýst er hér að ofan. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þykkur pappír – stórir • Pappírsrenningar, tölustafir • Lím.

LEIKSKÓLINN MINN – GARÐASEL – 1

Námsþættir	Viðfangsefni	Námsefni/leikefni/hjálpar
<ul style="list-style-type: none"> • Kynning á skólahúsnæði. • Framsögn. • Umhverfi. • Athygli. • Orð og mynd. • Hugtök. • Samvinna. • Myndsköpun. • Fínhyreyfingar. 	<ol style="list-style-type: none"> 1. Leikskólinn er skoðaður hátt sem lágt. 2. Umræður á staðnum og í hópum á eftir: <ul style="list-style-type: none"> – hvaða hluti sjáum við á hverju svæði? – hvert er hlutverk svæðanna? 3. Paravinna / einstaklingsvinna: <p>Börnin tjá sig í myndmáli um það sem þeim fannst markverðast í skoðunarferðinni:</p> <ol style="list-style-type: none"> a) Tvö börn vinna saman að mynd. b) Hvert barn teiknar mynd. Heiti hluta er skráð á myndirnar. <p>Myndirnar eru geymdar í möppum barnanna eða notaðar í bókagerð.</p> 4. Paravinna: <p>Unnið er með svæðin í sameiginlegu verkefni deilda. Leikskólanum er skipt í fimm svæði og börnin velja svæði sem þau vilja vinna með. Þau fara á svæðið og skoða það vel. Börnin teikna, lita og klippa út þá hluti sem þau sjá. Myndirnar eru límdar á veggspjöld. Hvert svæði fær sitt spjald. Að myndgerð lokinni er heiti hvers hlutar skráð á miða sem límdur er hjá honum.</p> 	<ul style="list-style-type: none"> • Tússlitir, trélitir, teikningarhlutir, A4/A3. • Tússlitir, trélitir, teikningarhlutir, skæri, þykkan pappír.

LEIKSKÓLINN MINN – GARÐASEL – 2

Námsþættir	Viðfangsefni	Námsefni/leikefni/hjálpar efni
<ul style="list-style-type: none"> • Samvinna. • Myndköpun. • Fínhringar. • Hugtök.. • Orð og mynd. • Umhverfið. • Orð og mynd. • Ritun. • Samvinna. • Myndköpun. • Fínhringar. • Sjálfstæði í vinnubrögðum. 	<p>5. Paravinna: Börnin velja sér svæði, sumir teikna myndir af svæðinu og aðrir mála.</p> <p>6. Umhverfið merkt: Vettvangsferð um leikskólann. Skráð eru heiti herbergja / svæða og hluta sem þar eru og tölvuunnið: – Herbergi/svæði merkt. – Hlutir merktir. Útbúin spjöld sem á eru heiti hlutar og mynd. Hengt upp nálægt viðkomandi hlut.</p> <p>7. Ljósmyndir af svæðum: Ljósmyndir eru teknar á hverju svæði og þær notaðar sem grunnur í eftirfarandi verkefnum: a) Umræður: Hvað er á myndinni? Hvað er gert þar? Heiti hlutar rætt. b) Orð tengd við myndir. c) Sameiginleg sögugerð og/eða ljóðagerð um svæði.</p> <p>8. Sérverkefni hópa – leikskólinn: Öllu rými leikskólans er skipt í þrennt: útisvæði, leikskólahús og deild. Börnunum er skipt í þrjá hópa og verkefnum úthlutað. 1. Svæðin eru skoðuð og rætt um þau. Myndir eru teiknaðar og settar saman í bók. 2. Börnin vinna saman veggmynd af hverju svæði. 3. Þrívíð mynd er gerð af hverju svæði. Ímyndunaraflið ræður ferðinni.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tússlitir, trélitir, þykkur pappi, penslar. • Tölva og prentari, filma, pöntun, pappír, bóka. • Myndavél, filma, pappír og skrifa. • Fjölbreytt efni, einangrunarpappi, bókbandspappi, verðlaust efni, penslar.

4.2 Samstarfsverkefni 2

Samstarfsverkefni leikskólans Staðarborgar og Breiðagerðiskóla í Reykjavík er tilraun sem Ásta Júlía Hreinsdóttir, leikskólakennari, og Sigríður Knútsdóttir, leik- og grunnskólakennari, gerðu til þess að koma á tengslum milli leik- og grunnskóla veturinn 1995–1996.

Markmið samstarfs er að:

- mynda vinatengsl milli leik- og grunnskóla,
- sýna leikskólabörnum að starf í fyrstu bekkjum grunnskóla líkist því starfi sem þau þekkja úr leikskóla,
- grunnskólabörn byggi á þeirri reynslu sem þau þekkja úr leikskóla,
- auka orðaforða barnanna og gera ritmál sýnilegt,
- kennarar beggja skólastiga kynnist og eigi auðveldar með að skilja og setja sig í spor hvers annars.

Leiðir

- lestur þjóðsagna og ævintýra,
- merkja hluti í skólastofu og skrifa niður sögur og ljóð eftir börnin,
- sameiginlegir söngfundir,
- leikir á opnu svæði í hverfinu,
- leikskólabörn koma í litlum hópum, í fylgd leikskólakennara, í grunnskólann og skoða hann,
- lokaverkefni er að skapa eitthvað saman.

Þjóðsögur:

Lestur þjóðsagna og ævintýra er leið til þess að auka orðaforða barna og halda við menningararfinum.

Ritun:

Talað mál og ritað er tengt saman með því að merkja algenga hluti í skólastofu leik- og grunnskóla. Einnig eru sögur og ljóð sem börnin semja, til dæmis í tengslum við vettvangsferðir og myndsköpun, skrifuð þannig að þau sjá talað mál breytast í ritað.

Söngfundir:

Gott er að nota söng til að börnin kynnist og til að tengja hópana saman. Söngur er gefandi og einföld leið til að ná fram jákvæðum samskiptum og brjóta ísinn til jafnaðar milli skólastiganna.

Fyrsti söngfundurinn er í boði leikskólans. Börnin í fyrsta bekk koma í heimsókn. Elstu börnin í leikskólanum taka á móti þeim og sýna leikskólann. Síðan er þeim boðið á sameiginlegan söngfund allra deilda leikskólans. Gestir syngja lög sem þeir hafa æft og gestgjafar flytja lög sín. Flest lög kunna báðir hópar og syngja í kór.

Næsti söngfundur er haldinn tveimur vikum síðar. Þá er elstu leikskólabörnunum boðið að vera með í tónmenntatíma hjá vina- bekknum. Hvor hópur syngur fyrir hinn og síðan er samsöngur.

Skemmtiferð:

Á góðviðrisdegi fara vinahóparnir í sameiginlega skemmtiferð á opið svæði eða listigarð í hverfinu. Börnin fara í hópleiki og skoða sig um. Einnig er farið í leiki í smærri hópum þar sem börnin blanda geði eftir áhugasviði hvers og eins.

Skoðunarferð í grunnskóla:

Elstu börn leikskólans fara, ásamt leikskólakennara, í heimsókn í grunnskólann. Hæfileg stærð hóps er fjögur til fimm börn. Þau heim- sækja vinabekkin þar sem þau taka þátt í daglegu starfi í eina kennslustund. Í annari kennslustund sýna grunnskólabörnin þeim skólann.



*Börn í Staðarborg
og Breiðagerðisskóla
að búa til
vináttutrollið.*

Heimsóknin þarf að vera vel undirbúin. Leikskólakennari getur til dæmis tekið við kennslunni á meðan grunnskólakennari fylgir börnunum. Þannig kynnist leikskólakennari starfi grunnskólakennara á meðan sá síðarnefndi kynnist tilvonandi nemendum.

Lokaverkefni:

Leikskólabörn læra í gegnum leik, upplifun, samskipti, tilraunir og sköpun. Grunnskólabörn byggja nám sitt á leið leikskólabarna og því er mikilvægt að halda áfram í fyrstu bekkjum grunnskóla að vinna á þann hátt sem er börnum eiginlegur.

Lokaverkefni er að skapa eitthvað saman. Vinnuferli þess er byggt upp eftir þemahring Reggio Emilia:

endir • • upphaf
frásögn • • upphitun
aðalæfing • • tilraun

Vinabekkur úr grunnskóla kemur í heimsókn í leikskóla. Í *upphafi* kynnir leikskólakennari börnunum fyrirhugað verkefni og efnivið, t.d. verðlaust efni, og biður börnin um að koma með hugmyndir að verkefnum.



Börn í Staðarborg og Breiðagerðisskóla fyrir framan vináttutrollið.

Í *upphitun* er börnunum skipt í hópa og þeir skipta með sér verkum. Hóparnir skoða efniviðinn og ræða um framkvæmd verkefnis.

Í *tilraun* velja hóparnir efnivið, prófa og athuga notagildi hans fyrir verkefnið, skila aftur og fá sér annan í staðinn þar til niðurstaða er fengin um hvaða efnivið heppilegt er að nota.

Aðalæfing byggist á sköpun lokaverkefnis. Nú reynir á samstarf innan hvers hóps og síðan allrar heildarinnar.

Frásögn felst í því að samhliða aðalæfingu ræða börnin um það sem þau eru að gera og rökstyðja mál sitt.

Endir verkefnis er afurðin, tákn vináttu barnanna, sem er fullbúin og þarfnast nafngiftar. Börnin kveðjast á lóð leikskólans.

Að loknu verkefni

Samstarfið krefst góðs undirbúnings en reynist auðvelt í framkvæmd. Á haustönn hófst undirbúningur með því að kennarar mótuðu fyrirhugað samstarf og miðluðu hverjir öðrum af þekkingu sinni og reynslu. Fyrst var ritmálið gert sýnilegt með því að merkja hluti í skólastofum barnanna.

Samskipti barnanna hófust á vorönn, en þau hefðu mátt hefjast fyrir. Samfundir barnanna vöktu gleði og reyndust auðveldir fyrir kennara. Lestur þjóðsagna, umræður um vináttu og samfundir barnanna skiluðu sér í lokaverkefni þar eð þau ákváðu að búa til vináttutróll. Tröllið stóð í leikskólanum fram á haust en flutti þá yfir í grunnskólann eins og börnin.

Í ofangreindri tilraun hjálpaði það kennurunum að hafa unnið saman áður og að báðir hafa þekkingu og reynslu af leikskólastarfi. Þegar kennarar leik- og grunnskóla hefja samstarf með opnum huga læra þeir smám saman hver af öðrum.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla.* 1989. [Reykjavík], menntamálaráðuneytið.
Fjöldi fimm ára barna í leikskóla. 1996. Upplýsingar frá menntamálaráðuneyti.
Lög um grunnskóla. Nr. 66/1995.
Lög um leikskóla. Nr. 78/1994.
Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.
Uppeldisáætlun fyrir leikskóla. Markmið og leiðir. 1993. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.

Skrá yfir ítarefni

Ítarefni á íslensku:

- Aðalheiður Valdimarsdóttir, Anna Harðardóttir, Anna Sigurðardóttir, Anna Kristbjörnsdóttir, Áslaug Benediktsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ingi-björg Ólafsdóttir, Ingigerður Stefánsdóttir, Rán Einarsdóttir. 1992. Vatnið, umhverfisverkefni unnið á leikskólanum Furuborg. Reykjavík, Stofn.
- Anna Jeppesen. 1994. Mál og túlkun, handbók kennara. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergisdóttir, Sólveig Helga Jónasdóttir. 1995. Myndmennt 1. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Ásta Egilsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir. 1991. Skólabókin mín. Bók fyrir byrjendur í skóla. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Ásta Egilsdóttir. 1996. Að byggja á traustum grunni. Kennaraháskóli Íslands [Ópr. B.Ed.-ritgerð.]
- Ásta Lárusdóttir, Hafdós Sigurðardóttir, Magnea Ingólfssdóttir. 1991. Lestrarnámskeið. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Björgvin Jósteinsson, Kristbjörg Eðvaldsdóttir, Þórir Sigurðsson. 1984. Skrift í grunnskóla. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Björgvin Jósteinsson o.fl. 1993. Við lesum A, B og C. Kennsluleiðbeiningar. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Bryndís Gunnarsdóttir. 1988. Þetta er skýrsla um LTG – lestrarkennslu í Æfinga- og tilraunaskóla KHÍ veturna 1980–1984. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.
- Börn hafa hundrað mál. 1988. Reykjavík, Kjarvalsstaðir.
- Forskólanefnd. 1989. Skýrsla Forskólanefndar. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Guðmundur B. Kristmundsson. 1992. Börn og ritun. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Gunnhildur Óskarsdóttir. 1990. Umhverfið – verkefni í náttúrufræði fyrir byrjendur. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. 1993. Þroski barna og unglinga. Sálfræðibókin (ritstj. Hörður Þorgilsson og Jakob Smári), bls. 15–65. Reykjavík, Mál og menning.

- Lestur – Mál. (ritstj. Indriði Gíslason, Guðmundur B. Kristmundsson, Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 8). Reykjavík, Iðunn.
- Leikur og leikgleði afmælisrit helgað Valborgu Sigurðardóttur. 1992. Ritn.: Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir, Svandís Skúladóttir. [Reykjavík,] Fóstrufélag Íslands.
- Margrét Ásgeirsdóttir, Sigríður Knútsdóttir. 1995. Tengsl leikskóla og grunnskóla. Lokaritgerð til B.Ed. prófs við KHÍ. [Reykjavík, Bóksala kennaranema].
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka. Reykjavík, Mál og menning.
- Markviss málörvun í leik starfi. 1988. Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve, Þorbjörg Þoroddsdóttir sáu um útgáfuna. [Hafnarfirði], Fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis.
- Ragnheiður Gestsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir. 1995. Það er leikur að læra. Kennarahandbók. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Ragnheiður Hermannsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir. 1989. Um mig og þig, handbók fyrir kennara. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Rannveig Jóhannsdóttir o.fl. 1986. Ég byrja í skóla. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Rannveig Auður Jóhannsdóttir. 1996. Þjálfun móðurmáls hjá elstu börnum í leikskóla og byrjendum í grunnskóla. Reykjavík, gefið út af höfundi.
- Rannveig Lund. 1991. Að hlusta, sjá og skrifa. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Sigríður Pálmadóttir. 1991. Tónmennt I. Reykjavík, Fósturskóli Íslands.
- 1991. Tónmennt II. Reykjavík, Fósturskóli Íslands.
- Sigríður J. Þórisdóttir. 1993. Ótrúleg eru ævintýrin ... Sögur og vísur til málörvunar, Kennarabók. Reykjavík, Námsgagnastofnun.
- Söngvasafn I. 1990. Sigríður Pálmadóttir tók saman. Reykjavík, Fósturskóli Íslands.
- Uppeldi og skólastarf. Úr fórum fræðimanna. 1983. (Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Indriði Gíslason þýddu, Ritröð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 7). Reykjavík, Iðunn.
- Valborg Sigurðardóttir. 1989. Myndsköpun ungra barna. Frá kroti til táknmynda. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Valborg Sigurðardóttir. 1991. Leikur og leikuppeldi. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Þóra Kristinsdóttir. 1985. Nokkrar hugmyndir um móðurmálskennslu fyrir byrjendur. Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar. Reykjavík, Iðunn.
- Þróunarsjóður grunnskóla. Lýsing á þróunarverkefnum 1989–1996. Menntamálaráðuneytið.
- Þróunarverkefni leikskóla. Úthlutun styrkja úr þróunarsjóði leikskóla 1989–1997. Menntamálaráðuneytið.

Ítarefni á erlendum málum:

- Andrew Moria. 1989. Language in Colour. England, Belair Publ. Ltd.
- Bae, Berit. 1987. Hva er vesentlig for 6 áringer ? Debatt – serien 1, bls. 76–83.
- Balaban, Nancy. 1985. Starting school. NewYork. Teachers College Press.

- Broström, Stig. 1989. Os på 6. København, Børn og Unge.
- Buskov, M. ofl. 1983. Tværfaglig Skolestart. Teori og Praksis. København, Gyldendal.
- Chapman, Laura H. Approaches to Art in Education. 1978. Orlando, Harcourt Brace Jovanovich, Inc.
- Dahlberg, Gunnilla, Hillevi Lenz Taguchi. 1994. Förskola och skola – om två traditioner och om visionen om en möjlig mötesplats. Stockholm, HLS Förlag.
- Diderichsen, Hansen og Thyssen. 1994. 6-åringar på skolen. Oslo. Tano A.S.
- Discipline-Based Art Education: A Curriculum Sampler. 1991 (ritstj. Alexander, Kay, Michael Day. Los Angeles, The Getty Center for Education in the Arts.
- Edwards, Linda Carol. 1990. Affective Development and the Creative Arts. A Process Approach to Early Childhood Education. Columbus Ohio, Merill Publishing Company.
- Eriksson, Bo, Gunhild Oskarsson. 1987. Vara Växa -Lära Handbok. Ett utvecklingspedagogiskt material för åldrarna kring skolstarten. Stockholm, Psykologiförlaget AB. Stockholm, Psykologiförlaget AB.
- Frances James, Ann Kerr. 1993. On First Reading. England, Belair Publ. Ltd.
- Haabesland, Anny Å. Ragnhild E. Vavik. 1989. Forming -hva og hvorfor. Rommetveit, Stord Lærarhøgskole.
- Hohmann, Mary, Bernard Banet, David P. Weikart. 1988. Young Children in Action, A Manual for Preschool Educators. Ypsilandti, The High/Scope Press.
- Hume B., K. Barrs. 1988. Maths on Display. England, Belair Pupl. Ltd.
- Hume B., C Galton. 1989. The Art of Science. England, Belair Pup. Ltd.
- Hume B, A. Sevier. 1991. Starting with Me. England, Belair Publ. Ltd.
- Makoff J., L. Duncan. 1988. Display for all Seasons. England, Belair Publ. Ltd.
- Mitchell, Ann, Judy David (ritstj.). 1992. Explorations with young children. Maryland. Gryphon House.
- Niss, Gunilla. 1988. Att börja förskolan. Stockholm, Utbildningsförlaget.
- Laura H. Chapman. Approaches to Art in Education. Orlando, Harcourt Brace Jovanovich, Inc.
- Skram, Dag (red.). 1995. Det beste fra barnehage og skole. Oslo, Tano A.S.
- Taylor. 1989. Reading and Writing. London, Unwin.
- Vacca, Vacca Gove. 1991. Reading and Learning to Read. Boston, Canada.
- Vedeler, Liv. 1990. Tilpasset opplæring i alderen rundt skolestart. Oslo, Universitetsforlaget.
- Wallin Karin, Ingela Mæchel, Anna Barsotti. 1981. Ett barn har hundra språk. Stockholm, Sveriges Utbildningsradio.
- Wallin Karin. 1986. Om ögat fick makt. Liber Utbildning AB, Stockholm.
– 1996. Reggio Emilia och de hundra språken. Liber Utbildning, Stockholm.